



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: *Breytingar á tekju- og eignamörkum í reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning*

Lagt er til að gerðar verði meðfylgjandi breytingar á 3. og 5. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning, nr. 1094/2016, varðandi tekju- og eignamörk sérstaks húsnæðisstuðnings. Tekjumörk taki breytingum til samræmis við reglugerð um húsnæðisbætur, nr. 1200/2016 eða 17. gr. laga um húsnæðisbætur nr. 75/2016. Eignamörk taki breytingum til samræmis við reglugerð nr. 1342/2020 um ráðstöfun leiguíbúða skv. 37. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998 eða 37. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998. Breytingar taki gildi á sama tíma og breytingar á samsvarandi ákvæðum framangreindra reglugerða taka gildi. Tillagan leiðir ekki til kostnaðarauka.

Greinargerð:

Á fundi velferðarráðs þann 1. október 2025 var svohljóðandi tillaga samþykkt:

Velferðarráð felur velferðarsviði að undirbúa breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning þannig að breytingar á tekjumörkum í reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning verði sjálfkrafa uppfærðar við breytingar á hækkun tekjumarka samkvæmt reglugerð um húsnæðisbætur. Breytingin á reglunum verði lögð fyrir velferðarráð.

Tillögunni fylgdi greinargerð.

Gildandi framkvæmd:

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) annast framkvæmd og greiðslu húsnæðisbóta og gilda um þær lög um húsnæðisbætur nr. 75/2016. Sveitarfélög annast hins vegar framkvæmd og greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings, á grundvelli 45. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, en þar segir að sveitarfélög skuli veita sérstakan húsnæðisstuðning í samræmi við nánari reglur sem sveitarstjórn setur á grundvelli leiðbeininga ráðherra um sérstakan húsnæðisstuðning að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Sérstökum húsnæðisstuðningi er ætlað að lækka greiðslubyrði vegna húsnæðiskostnaðar hjá þeim sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði eða eru með íþyngjandi





húsnæðiskostnað sökum lágra tekna eða lítilla eigna, þungrar framfærslubyrði og félagslegra aðstæðna.

Í reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning (hér eftir reglurnar) eru sett fram ákveðin tekju- og eignamörk en auk þess fer fram í hverju tilfalli mat á félagslegum aðstæðum hjá umsækjanda. Stuðst er við sérstök matsviðmið í þessu sambandi sem fylgja reglum. Önnur sveitarfélög hafa í auknum mæli lagt niður slíkt mat og er stuðningurinn ákvarðaður sem ákveðið hlutfall af húsnæðisbótum frá HMS, t.d. 90%, sem skerðist við ákveðnar hlutlægar aðstæður.

Skilyrði fyrir samþykki sérstaks húsnæðisstuðnings hjá Reykjavíkurborg eru í 3. gr. reglnanna en þar eru m.a. sett skilyrði um eignamörk, sem eru í dag rétt um 8,5 m.kr. og tekjumörk skv. 5. gr. Fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings er reiknuð sem sérstakt hlutfall af húsnæðisbótum þannig að fyrir hverjar 1.000 kr. fær umsækjandi greiddar 1.000 kr. í sérstakan húsnæðisstuðning að teknu tilliti til lækkunar á grundvelli tekna og annarra skilyrða sem eru tiltekin í 4. gr.

Tekjumörkum í reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning hefur verið breytt reglulega í samræmi við breytingar á tekjumörkum húsnæðisbóta ýmist á grundvelli breytinga á reglugerð nr. 1200/2016 um húsnæðisbætur eða með breytingu á 17. gr. laga um húsnæðisbætur nr. 75/2016.

Varðandi eignamörkin sem getið er í 6. mgr. 3. gr. reglnanna þá hafa þau fylgt sömu fjárhæð og eignamörk í reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði. Hafa eignamörk tekið breytingum til samræmis við reglugerð nr. 1342/2020 um ráðstöfun leiguíbúða skv. 37. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998 eða til samræmis við 37. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.

Tillaga að breytingu:

Á grundvelli áðurnefndrar samþykktar í velferðarráði frá 1. október 2025 er lagt til að reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning verði breytt þannig að ákvæðum um bæði tekju- og eignamörk verði breytt á þann veg að þau taki sjálfkrafa mið af þeim hækkunum sem verða á tekju- og eignamörkum samkvæmt lögum og reglugerðum og rakin eru hér að framan.

Með framangreindri breytingu er tryggð hagkvæmni og skilvirkni við uppfærslu á fjárhæðum, þar sem ekki verður nauðsynlegt að breyta reglunum í hvert sinn sem fjárhæðir eru uppfærðar í framangreindum reglugerðum og lögum. Þannig verður unnt að einfalda umsýslu í tengslum við slíkar breytingar. Breytingar á tekjuviðmiðum húsnæðisbóta eru gerðar a.m.k. einu sinni á ári.. Sjálfkrafa uppfærslur á fjárhæðum eru því einnig til hagsbóta fyrir notendur þar sem enginn dráttur verður á greiðslum á meðan beðið er eftir samþykkt tillagna í velferðarráði og borgarráði.

Eftirfarandi breytingar eru lagðar til á reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning:



6. tl. 1. mgr. 3. gr. reglnanna er svohljóðandi:

Samanlagðar eignir umsækjanda og annars heimilisfólks, 18 ára og eldra, á síðastliðnu ári séu ekki hærri en 8.499.000 kr.

Lagt er til að 6. tl. 1. mgr. 3. gr. reglnanna verði svohljóðandi:

Samanlagðar eignir umsækjanda og annars heimilisfólks, 18 ára og eldra, á síðastliðnu ári séu ekki hærri en eignamörk samkvæmt reglugerð nr. 1342/2020 um ráðstöfun leiguíbúða skv 37. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998 eða 37. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998. Breytingar á eignamörkum um sérstakan húsnæðisstuðning taki gildi á sama tíma og framangreindar breytingar á lögum eða reglugerð taka gildi.

Lagt er til að tafla í 5. gr. reglnanna falli brott.

Fjöldi heimilis-Fólks	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	6.288.094	7.860.118	524.007	655.010
2	8.363.165	10.453.956	696.930	871.163
3	9.746.546	12.183.183	812.212	1.015.265
4	10.563.998	13.204.998	880.334	1.100.416
5	11.444.331	14.305.414	953.695	1.192.118
6+	12.324.664	15.405.830	1.027.055	1.283.820

Lagt er til að við 5. gr. reglnanna bætist 4., 5. og 6. mgr. sem verði svohljóðandi:

Neðri tekjumörk sérstaks húsnæðisstuðnings fara samkvæmt ákvæðum um tekjumörk í reglugerð nr. 1200/2016 um húsnæðisbætur eða 37. gr. laga um húsnæðisbætur nr. 75/2016. Efri tekjumörk sérstaks húsnæðisstuðnings eru 25% hærri en neðri tekjumörk sérstaks húsnæðisstuðnings.

Tekjumörk sérstaks húsnæðisstuðnings taka breytingum í samræmi við breytingar á reglugerð nr. 1200/2016 um húsnæðisbætur eða 37. gr. laga um húsnæðisbætur nr. 75/2016. Breytingar á tekjumörkum um sérstakan húsnæðisstuðning taki gildi á sama tíma og framangreindar breytingar á lögum eða reglugerð taka gildi.

Á heimasíðu Reykjavíkurborgar er birt tafla með gildandi tekju- og eignamörkum sérstaks húsnæðisstuðnings.

Tillagan leiðir ekki til kostnaðarauka fyrir velferðarsvið, í þeim skilningi að ekki verður kostnaður umfram áætlun sviðsins, þar sem hér er einungis verið að leggja til að verklag, sem er fylgt við breytingu á tekju- og eignamörkum ár hvert, verði nú sjálfvirkt í stað þess að velferðarráð og borgarráð samþykki það ár hvert.